



## Grundarfjarðarbær

### Jafnréttisáætlun Grundarfjarðarbæjar 2024-2026

#### 1. Inngangur

Jafnréttisáætlun Grundarfjarðarbæjar byggir á [lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020](#), [lögum um stjórnáætlun jafnréttismála nr. 151/2020](#), [lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018](#), [lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018](#) og jafnræðisreglu [65. gr. stjórnarskrárinnar](#) sem hljóðar svo: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

##### 1.1. Framkvæmd og umfang

Jafnréttisáætlunin tekur til stjórnkerfis og starfsfólks sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins veita íbúum. Auk þess eru í áætluninni tilmæli til einstaklinga og yfirvalda, stofnana og fyrirtækja sem ekki heyra undir stjórn sveitarfélagsins.

#### 2. Markmið

Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri stöðu kynjanna hjá Grundarfjarðarbæ og jöfnum möguleika kynjanna til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar. Þetta á við um menntun, atvinnulíf og félagslíf. Það er stefna Grundarfjarðarbæjar að kynin njóti sömu tækifæra, fái sömu laun fyrir sömu vinnu og hafi sömu réttindi og sömu möguleika til áhrifa í samfélaginu. Markmiðið er einnig að tryggja jafna meðferð óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu, eins og kveðið er á um í lögum nr. 86/2018.

#### 3. Ákvæði vegna starfsfólks sveitarfélagsins

Allar aðgerðir þurfa að tryggja jafna meðferð, ekki einungis kynja heldur líka vegna annarra þátta sbr. lög nr. 86/2018.

**3.1. Nefndir og ráð:** Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins skal leitast við að hlutföll kynja séu sem jöfnust í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þar sem mælt er fyrir um kynjakvóta.

Verkefni: Með ákjósanlegum fyrirvara fyrir sveitarstjórnarkosningar skulu stjórn mála-samtök í sveitarfélaginu hvött til þess að gæta að jöfnu kynjahlutfalli á framboðslistum sínum, sem og að við skipan í nefndir og ráð.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd.

**3.2. Auglýsingar og ráðningar starfsfólks:** Jafnréttisnefnd beinir þeim tilmælum til stjórnenda sveitarfélagsins að þegar lausar stöður eru auglýstar til umsóknar beri að

athuga eftirfarandi: Á þeim vinnustöðum þar sem eitt kyn er ráðandi skal koma fram hvatning til þeirra kynja sem eru í minnihluta í viðkomandi starfsgrein að sækja um laus störf.

Verkefni: Samantekt á kynjahlutföllum innan sveitarfélagsins, samhliða endurskoðun jafnréttisáætlunar.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd, skrifstofustjóri og forstöðumenn stofnana.

**3.3. Kjör starfsfólks:** Við ákvörðun launa og annarra starfskjara, úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að mismuna ekki eftir kynferði. Því skal leitast við að meta jafnt mismunandi starfssvið, reynslu og menntun kynjanna. Unnið skal að því að störf s.s. umönnunar-, uppeldis- og heimilisstörf verði í samningum metin til jafns við önnur störf við starfsaldursákvörðanir hjá öllum starfsstéttum. Gæta skal þess að öll kyn njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna með vísan í lög um jafna stöðu og rétt kvenna og karla.

Verkefni: Í starfsauglýsingum á lausum störfum í sveitarfélaginu skulu öll kyn hvött til að sækja um störf. Það kyn sem hallar á í starfsmannahópnum skal sérstaklega hvatt til að sækja um.

Verkefni: Jafnlaunavottun er framkvæmd, í samræmi við lög, og niðurstöður nýttar til rýni á stöðu kynja hvað varðar laun.

Ábyrgð: Forstöðumenn stofnana.

Ábyrgð: Skrifstofustjóri í samvinnu við launafulltrúa.

**3.4. Starfsþjálfun, sí- og endurmenntun starfsfólks:**

Þess skal gætt að allt starfsfólk hafi möguleika á starfsþjálfun, sí- og endurmenntun.

Verkefni: Setning, innleiðing og kynning á fræðsluáætlun til alls starfsfólks.

Ábyrgð: Skrifstofustjóri og forstöðumenn stofnana.

**3.5. Jafnréttisáætlanir:** Því er beint til stjórnenda grunn- og leikskóla að vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna. Í þessu skyni skal eftirfarandi haft í huga:

- Að námsefni mismuni ekki kynjum.
- Að í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna öllum kynjum störf sem jafnan hafa verið álitin hefðbundin karla- eða kvennastörf.
- Að sjálfsstyrking verði sjálfsgöður hluti náms á öllum skólastigum.
- Að skólar leggi áherslu á að búa kynin jafnt undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu-, félags- og atvinnulífs.

Verkefni: Kynning á þeim hluta jafnréttisáætlunar sveitarfélagsins sem snýr að leik- og grunnskóla.

Unnin skal greinargerð um stöðu jafnréttismála í leik- og grunnskóla og áætlun um jafnréttisfræðslu á hvoru skólastigi fyrir sig unnin á grundvelli greiningarinnar.

Greinargerð og áætlun skulu liggja fyrir eigi síðar en að vori 2025 og skulu gerðar árlega og lagðar fyrir skólanefnd og jafnréttisnefnd.

Ábyrgð: Forstöðumenn grunn- og leikskóla. Umsögn hjá skólanefnd, eftirlit hjá jafnréttisnefnd.

**3.6. Kynferðisleg og kynbundin áreitni:** Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum Grundarfjarðarbæjar. Varðandi skilgreiningu á kynferðislegri og kynbundinni áreitni er vísað til 2. gr. jafnréttislaga. Bæjarstjórn sér til þess að í gildi sé stefna og viðbragðsáætlun varðandi einelti, kynferðislega eða kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað, í samræmi við [lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 m.s.br.](#) Forstöðumenn, og yfirmenn eftir atvikum, skulu gera almennar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemendur, viðskiptavinir og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á stofnunum sveitarfélagsins. Þolandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu sem leitt gæti til brottrekstrar úr starfi.

Verkefni: Kynning á stefnu bæjarins og viðbragðsáætlun gegn einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni, sérstaklega fyrir nýju starfsfólki. Minnt skal á stefnuna og viðbragðsáætlunina a.m.k. einu sinni á ári, helst að hausti.

Sjá: [Stefna Grundarfjarðarbæjar varðandi einelti, kynferðisleg eða kynbundin áreitni og ofbeldi á vinnustað](#) og

[Viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni, ofbeldis](#)

Ábyrgð: Skrifstofustjóri og forstöðumenn.

**3.7. Starfsáætlanir deilda og stofnana:** Í upphafi hvers kjörtímabils skulu stofnanir og fyrirtæki, nefndir og ráð sveitarfélagsins gera starfsáætlun í jafnréttismálum. Þar komi fram hvernig deildir/stofnanir hyggist vinna á grundvelli jafnréttisáætlunarinnar og hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar í þeim tilgangi. Sjá þó grein 3.4 um áætlanir leik- og grunnskóla.

Verkefni: Gerð starfsáætlana. Annað hvert ár er jafnréttiskönnun lögð fyrir í stofnunum Grundarfjarðarbæjar.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd

**4. Íþrótt- og æskulýðsmál:** Íþrótt- og tómstundanefnd skal veita öllum börnum, óháð kyni, sömu tækifæri til íþróttaiðkunar og íþróttafélögin eru hvött til hins sama. Kynin sitji jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar. Kanna þarf brottfall unglunga eftir kynjum úr hefðbundnum íþróttagreinum og leita leiða til að mæta þörfum þeirra fyrir útrás og hreyfingu á annan hátt, ef sýnt þykir að áhugasvið breytist eftir ákveðinn aldur.

Þess skal gætt að öll börn hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

Verkefni: Árleg könnun á þátttöku og brottfalli barna og ungmenna í íþrótt- og tómstundastarfi. Könnun yrði gerð að vori.

Ábyrgð: Íþrótt- og tómstundanefnd, með íþrótt- og tómstundafulltrúa, í samstarfi við íþróttafélög á svæðinu.

5. **Fræðsla og ráðgjöf:** Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í starfi sveitarfélagsins. Fylgjast skal með endurmenntun í sveitarfélaginu og skulu stjórnendur beita sér fyrir því að slíkir möguleikar séu fyrir hendi sem geti aukið tækifæri allra kynja til atvinnu og menntunar.

**Ábyrgð:** Forstöðumenn stofnana.

6. **Kynning og endurskoðun:** Jafnréttisáætlun þessi skal kynnt íbúum sveitarfélagsins, fólki, stofnunum og fyrirtækjum á vegum þess. Áætlunina skal endurskoða á vormánuðum 2026.

Verkefni: Jafnréttisáætlun skal kynnt öllum forstöðumönnum og öðrum stjórnendum sveitarfélagsins, kjörnum fulltrúum, að lokinni samþykkt hennar.

Verkefni: Opinber birting jafnréttisáætlunar og kynning hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins á vefsíðu bæjarins, að lokinni samþykkt hennar.

**Ábyrgð:** Jafnréttisnefnd.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar, 12. september 2024.